



HEIMURINN ER HÉR

MÓÐURMÁL Í STAFRÆNUM HEIMI

Heimurinn er hér
móðurmál í
stafrænum heimi



MIÐSTÖÐ
SKÓLAÞRÓUNAR

Verkefnisstjóri: Rakel Magnúsdóttir

Samstarfsaðili: Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Númer samnings: UMS-192 2017-2018



Leikskólinn Ösp

Iðufelli 16

111 Reykjavík

557-3849

osp@reykjavik.is

Miðstöð skólaþróunar

Sólborg við Norðurlóð

600 Akureyri

460-8590

msha@msha.is

Markmið þróunarverkefnisins

- Að efla mál og læsi barna sem hafa íslensku sem annað mál
- Að efla móðurmáls- og íslenskukennslu í gegnum snjalltækni
- Að þróa nýjar og spennandi leiðir til að kenna og læra tungumál
- Að leikskólinn Öspin verði leiðandi í að vinna með tvítyngi og tækni í leikskólalastarfi

Markmið þróunarverkefnisins voru að efla mál og læsi barna sem hafa íslensku sem annað mál með því að nota hefðbundnar leiðir til málörvunar í bland við snjalltækni. Á undanförunum árum hefur starfsfólk Asparinnar unnið þróunarverkefni þar sem fjölbreyttar kennsluaðferðir til að efla mál barna hafa verið í forgrunni. Verkefnið Heimurinn er hér – móðurmál í stafrænum heimi byggir á þessari vinnu.

Okkar mál

Leikskólinn Ösp er þátttakandi í þróunar- og rannsóknarverkefninu *Okkar mál* með öðrum skólum í Fellahverfi. Verkefnið hefur það að meginmarkmiði að auka samstarf skóla í Fellahverfi með áherslu á menningu, mál og læsi. Haft er að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu. Fellahverfi hefur þá sérstöðu að hafa einna hæsta hlutfall innflytjenda í Reykjavík og er fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku oftast um og yfir 70% í skólum hverfisins.

Meginverkefni í þróunarverkefninu *Okkar mál* eru m.a. að auka þekkingu kennara og starfsfólks á máltöku og læsi barna með sérstakri áherslu á börn sem eru með annað móðurmál en íslensku. Leitast er við að efla fagleg vinnubrögð og færni kennara í starfi með margbreytilegum barna- og foreldrahópi auk þess að þróa og innleiða fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að jafna tækifæri barna til náms. Verkefnið *Heimurinn er hér – móðurmál í stafrænum heimi* passar vel við þá vinnu sem nú þegar er komin af stað í hverfinu og gat leikskólinn t.d. nýtt sér þjónustu og ráðgjöf frá talmeinafræðingum í tengslum við verkefnið.

Verkefnastjórn

Rakel Magnúsdóttir ráðgjafi og upplýsingatæknikennari sá um verkefnastjórn. Rakel var með námskeið fyrir starfsfólk, kom í leikskólann og var með sýnikennslu, tók þátt í starfinu með börnum og kennurum, gaf góð ráð og fylgdi verkefninu eftir. Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri kom að verkefninu með námskeiðahaldi, ráðgjöf og stuðningi í gegnum símafundi og sá um að skrifa skýrslu að verkefni loknu.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Haustönn 2017

Á haustönn var lagður grunnur að verkefnavinnunni. Lögð var áhersla á að bæði kennarar og börn tileinkuðu sér aðferðir við að nýta tæknina í skólastarfinu. Kennarar kynntust fjölbreyttum smáforritum sem henta vel í starfi með leikskólabörnum, æfðu sig í að nota þau og vinna með þau í barnahópnum. Auk þess lærðu kennarar að búa til rafbækur í Book Creator. Bækurnar sýndu hvað hópurnir þeirra gerði í hópastarfi í máli og myndum. Rafbækurnar voru nýttar til málörvunar, þær voru skoðaðar með börnunum og vinna vetrarins og sá orðaforði sem tengdist henni rifjaður upp.

Í vinnu með börnum voru spjaldtölvurnar mest notaðar í svæðisflæði og hópastarfi. Svæðisflæði eru hópatímar sem byggja á meginmarkmiðum *Okkar máls*. Helmingur barnahópsins fer út fyrir hádegi og þau börn sem ekki fara út eru inni og vinna að verkefnum í litlum hópum. Þar eru nýttar fjölbreyttar kennsluaðferðir, lögð er áhersla á fagleg vinnubrögð og jöfn tækifæri allra barna til náms. Hugmyndin er að í svæðisflæði geti börnin haft áhrif á námið, þau hafa val um viðfangsefni en fá stuðning fullorðinna við að útfæra þau. Í hópastarfi vinna börnin einnig saman í litlum hópum en þá að verkefnum sem kennari hefur ákveðið fyrirfram. Fjölbreytt smáforrit voru notuð bæði í svæðisflæði og hópastarfi til að efla málþroska barnanna og styðja við þau verkefni sem börnin unnu að hverju sinni. Rakel Magnúsdóttir verkefnastjóri kom inn í þessa tíma með kennurum einu sinni til tvisvar í viku og aðstoðaði þá við að innleiða tæknina.

Á haustönn fór einnig fram undirbúningur fyrir verkefnið. Spjaldtölvurnar voru settar upp á skipulegan hátt og efnið í þeim flokkað og sett í möppur. Allar spjaldtölvur og snúrur voru merktar og hver deild fékk ákveðin tæki sem hún bar ábyrgð á. Búnar voru til reglur um umgengni við spjaldtölvurnar og kynntar öllu starfsfólki. Í ljós kom að setja þurfti upp fleiri punkta til að netið virkaði sem skyldi í öllum skólanum.




Vorönn 2018

Á vorönn var lögð áhersla á að auka öryggi og sjálfstæði kennara í að vinna með tæknina með barnahópnum. Rakel verkefnastjóri kom inn í hópstarfs- og/eða svæðisflæðistíma einu sinni í viku og leiðbeindi kennurum. Hugmyndin var að hún væri til staðar og gæti veitt leiðsögn en kennarar stjórnuðu tímanum sjálfir. Áhersla var lögð á að tæknin væri nýtt til málörvunar á fjölbreyttan hátt. Hver og einn kennari fékk einnig viðtal við Rakel þar sem hún kynnti áhugaverð forrit og fór yfir reglur um notkun tækjanna.

Leikskólinn fékk ýmis tæknileikföng lánuð hjá Mixtúru (<http://mixtura.is>) til prufu, en þar geta leik- og grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu fengið lánuð námsgögn í upplýsingatækni. Á vorönn var bætt við tæknisafn leikskólans og við fórum að nota fleiri nýjungar en áður. Bætt var við Osmo smáforitin, bæði málörvun og stærðfræði, sem notað var markvisst í svæðisflæði í litlum hópum með kennara. Einnig prófuðum við okkur áfram í byrjunarforritun með börnunum í gegnum vélmenna-mús sem börnin forrita og geta látið hana beygja til hægri, vinstri og fara beint áfram.

Í apríl var haldinn tæknidagur þar sem foreldrum og leikskólum í kring var boðið að koma til að skoða vinnu vetrarins og prófa tæknina með börnunum. Settar voru upp stöðvar og börnin fóru á milli með foreldrum sínum. Meðal þess sem boðið var upp á á stöðvunum var sýndarveruleiki sem gaf þátttakendum kost á að fræðast um lönd og líffæri, vélmennaforritun og tilraunir með rafleiðni. Einnig var hægt að skoða rafbækurnar sem orðið höfðu til í hópstarfi vetrarins. Tæknimorguninn heppnaðist vel. Það var góð mæting hjá foreldrum en auk þess mættu gestir frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, talmeinafræðingar og starfsmenn frá öðrum leikskólum í hverfinu.



Fréttabréf í máli og myndum frá Tæknideginum:

<https://sway.com/c0BT7VdWhTRzR97O?ref=email>



Myndband frá tæknideginum:

<https://youtu.be/nnA9qF1TPkc>

Á starfsdegi í maí var Íris Hrönn Kristinsdóttir frá Miðstöð skólaþróunar með fyrirlestur um tækni í leikskólastarfi, þar var farið yfir hvernig hægt er að skipuleggja tæknivinnu í leikskóla og kynntar hugmyndir um hvernig hægt er að nota myndbönd, rafbækur og sögugerð á skapandi hátt í snjalltækjum.



Helstu hindrarnir sem komu upp

Starfsfólk var misvirkt í tæknivinnunni og mislengi að öðlast öryggi. Á vorönn var því lögð áhersla á það að styðja betur við þá starfsmenn sem ekki voru orðnir öruggir í tækninni.

Veikindi starfsfólks settu einnig strik í reikninginn. Langvarandi veikindi á vorönn töfðu fyrir í verkefnavinnu og gerðu það að verkum að lengri tíma tók að vinna rafbækurnar um hópastarfið.



Helstu ávinningar af þróunarverkefninu

Helsti ávinningur verkefnisins er að vinna með snjalltæki er markvissari og starfsfólk öruggara í notkun þeirra. Tækin eru nú nýtt markvisst í starfinu til að vinna að markmiðum skólanámskrár og eingöngu kennslufræðileg smáforrit notuð. Starfsfólk nýtir tækin einnig í auknum mæli til skráninga og hefur smáforritið Book Creator reynst vel í því sambandi. Snjalltækin eru notuð á markvissari hátt inn í hópastarfi til málörvunnar. Skráningar urðu einnig markvissari í gegnum snjalltækin og hópavinnan var sýnilegri eins og með stafabókum sem börnin unnu í hópastarfi með sínum hópstjóra yfir veturinn.

Mat á verkefninu

Verkefnið hefur haft jákvæð áhrif á skólastarfið. Starfsmenn eru meðvitaðri en áður um mikilvægi málörvunar og hafa fengið verkfæri í hendurnar til að vinna markvisst með málið í starfinu. Auðvelt er að tengja snjalltæknina þemavinnunni og málræktarstarfinu sem fyrir er í leikskólanum. Tæknin gefur tækifæri til nýsköpunar og þróunar kennsluaðferða sem henta vel í fjölmennningarlegum leikskóla þar sem koma þarf til móts við fjölbreyttar námsparfir. Með því að virkja alla starfsmenn í undirbúningsvinnu hefur leikskólinn styrkst sem *Lærdómssamfélag* sem skilar sér í sterkari

starfsmannahópi og markvissara starfi. Það kom skýrt fram í mati sem starfsfólk framkvæmdi á vorönn að þeim fannst verkefnið vera að hafa áhrif inn í skólastarfið, þau voru öruggari og mikill munur var á því hversu markvissara var farið að nota snjalltæki inn í skólastarfinu sem lærdómstæki. Einnig er sjáanlegur munur á því hvernig börnin umgangast tækin nú, miðað við áður. Nú er tækjunum sýnd meiri virðing, betur farið með þau og minna er um að börnin flakki á milli smáforrita heldur una sér vel í því sem verið er að vinna með hverju sinni og fylgja fyrirmælum.

Niðurstöður verkefnisins

Markmið verkefnisins var að efla mál og læsi barna sem hafa íslensku sem annað mál með nýjum og spennandi leiðum. Markmiðin náðust og vel gekk að efla áhuga barnanna á íslenskunni með hjálp tækninnar. Börnin voru spennt að vinna með spjaldtölvurnar og áhugasöm í verkefnavinnunni. Námsleikirnir gerðu íslenskunámið spennandi og skapandi vinna með rafbækur í Book Creator sló í gegn. Í gegnum rafbókavinnuna fór fram málörvun þar sem unnið var út frá áhugasviðum barnanna með hugtök, setningamyndun, orðaforða og málvitund.

Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur var ráðin í skólann og setti hún upp áætlun um málörvun frá hausti fram á vor. Spjaldtölvuverkefnið féll vel að áætluninni þar sem hægt var að nota mikið af snjallforritum til málörvunnar, eins og Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull og önnur vönduð málörvunarforrit. Það kom glögglega fram að spjaldtölvurnar voru notaðar markvissar inn í faglegt starf síðasta vetur en áður var, t.d. inn í málörvunarstarf, hópastarf, listir og sköpun. Börnin bjuggu til stafabækur og þemabækur upp úr orðflokkum sem þau voru að vinna með hverju sinni í Book Creator.

Í foreldraviðtölum á vorönn kom glögglega fram að ánægja var með spjaldtölvuverkefnið og málörvunarverkefnið. Fram kom hjá foreldrum að þau finndu teljandi mun á bættri íslenskukunnáttu og að börnin væru ánægð í leikskólanum og töluðu heima um bæði verkefni og vinnuna sem færi fram í leikskólanum. Starfsfólk var ánægt með þær áætlanir sem unnar voru

varðandi verkefnið, upplifði sig öruggara og fannst það vita betur til hvers var ætlast. Það kom bæði fram í mati á starfinu og í starfsviðtölum.

Ákveðið hefur verið að verkefnið haldi áfram næsta vetur og verður Rakel enn inni í skólanum sem stuðningur við starfsfólk og kemur af stað vinnu með starfsfólki í haust með nýjum og spennandi verkefnum. Bryndís Guðmundsdóttir

talmeinafræðingur verður einnig inni í skólanum næsta vetur og mun vinna að því að efla og þróa áfram málörvunarstarfið, og þá munu snjalltæki halda áfram að koma með inn í þá vinnu til að efla mál og læsi barna sem hafa íslensku sem annað mál. Í vor hafa komið gestir bæði erlendis frá og frá frístundarheimilum til að fá að kynna sér hvernig við höfum verið að þróa vinnu með spjaldtölvum í kennslufræðilegum tilgangi með málörvun og skapandi starf að leiðarljósi. Frístundaheimilin í Reykjavík eru að vinna að gerð handbókar um hvernig er hægt að nýta spjaldtölvur sem best í frístundarstarfi. Í bæklingnum mun vera fjallað um það hvernig unnið var að þróun á spjaldtölvuvinnunni inni í Ösp.



Næstu skref

Áfram verður unnið að því að festa í sessi þau vinnubrögð sem þróuð hafa verð undanfarin ár. Á næsta ári er fyrirhugað að allir starfsmenn vinni með rafbækur, myndbönd og forritun. Bækurnar verða settar á ský þar sem allir geta nálgast þær, bæði starfsmenn leikskólans og foreldrar barnanna. Áfram verður unnið með bæði Osmo og Bitsboard og bætt í verkefnasöfnin sem fylgja þessum forritum. Undanfarin ár hafa verið bókapokar í Ösp sem börnin hafa verið að fara með heim. Mikill áhugi er fyrir því að bæta snjalltækjum með í bókapokann, hugmyndin er að börnin geti tekið myndir heima af því sem þau eru að gera og sagt frá í skólanum þegar þau koma með bókapokann til baka. Þannig er hægt að tengja heimili og skóla betur saman og auka orðaforða, málörvun og frásögn í leiðinni.

Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Leikskólinn Ösp hefur verið í fararbroddi þegar kemur að vinnu með börnum af erlendum uppruna á Íslandi og hafa kennarar úr öðrum skólum heimsótt skólann og fengið kynningu á starfinu. Haldinn var tæknidagur þar sem öðrum leikskólum af svæðinu, foreldrum og starfsfólki frá skóla- og frístundsviði Reykjavíkur var boðið að koma og kynna sér undur tækninnar og möguleika hennar í skapandi málræktarstarfi. Í vetur höfum við verið dugleg að taka á móti gestum bæði erlendis frá og innlendum. Þó nokkuð hefur verið um að fólk hefur hringt og spurt hvort hægt sé að koma að skoða það sem við höfum verið að vinna með í vetur. Það hefur spurst út að vekefnið hafi gengið vel og við höfum fundið fyrir miklum áhuga frá öðrum skólum. Í haust verður opnuð ný og glæsileg heimasíða og þar verður sett upp kynning á verkefninu og upplýsingar um það hvaða smáforrit við höfum verið að nota.

Kynning á snjalltækni

<https://padlet.com/rakelgm73/taeki>

Kynning á smáforritum fyrir stærðfræði

<https://padlet.com/osp/staerd>

Kynning á smáforritum fyrir málrækt

<https://padlet.com/osp/malorvun>

Júní 2018

Sólveig Þórarinsdóttir, leikskólastjóri
Rannveig Oddsdóttir, MSHA